

147. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FIMMTUDAGINN 7. JANÚAR 2010

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning, fundargerð síðasta fundar og staða verkefna
2. Fjármál
 - a) Fjárhagsáætlanir Jöfnunarsjóðs sókna, Kirkjumálasjóðs og Kynningar-, fræðslu- og útgáfusjóðs árið 2010
 - b) Erindi Reyðarfjarðarsóknar
 - c) Kirkjumiðstöðin á Akureyri (Hjálparstarf kirkjunnar og ÆSKÞ)
 - d) Akstur presta
 - e) Helgisiðastofa
3. Fasteignir
 - a) Innleiðing starfsreglna um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar
 - b) Skipan sviðsstjóra fasteignasviðs
 - c) Samþykktir kirkjuþings um kaup og sölu fasteigna
 - d) Tröð í Gnúpverjahreppi
 - e) Almennt umboð til framkvæmdastjóra og aðstoðarframkvæmdastjóra kirkjuráðs
4. Önnur mál
 - a) Erindi frá Hrepphólasókn, Suðurprófastsdæmi, vegna breytinga á skipan prestakalla og prófastsdæma á kirkjuþingi 2009
 - b) Skipun starfshóps sem móti samskiptastefnu kirkjunnar
 - c) Fjölskylduþjónusta kirkjunnar

1. FUNDARSETNING, FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR OG STAÐA VERKEFNA

Mætt voru auk biskups, Karls Sigurbjörnssonar, kirkjuráðsmennirnir, sr. Halldór Gunnarsson, sr. Kristján Björnsson og Sigríður M. Jóhannsdóttir. Jóhann E. Björnsson, boðaði forföll á síðustu stundu og ekki var unnt að boða varamann.

Þá sátu fundinn Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Ragnhildur Benediktsdóttir, skrifstofustjóri og sr. Þorvaldur Karl Helgason, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

Rætt var um niðurskurð ríkisins á fjárlögum 2010 á greiðslum samkvæmt samningi ríkis og kirkju um kirkjujarðir og launagreiðslur til starfsmanna kirkjunnar frá 1997 og 2006. Upplýst var, að frumvarp það til tímabundinna breytinga á þjóðkirkjulögum nr.78/1997, sem dómsmála- og mannréttindaráðherra lagði fyrir kirkjuþing 2009 og var samþykkt þar, verður lagt fram á Alþingi fljótlega. Samþykkt frumvarpsins er forsenda þess að unnt sé að lækka framangreind framlög.

2. FJÁRMÁL

a) *Fjárhagsáætlanir Jöfnunarsjóðs sókna, Kirkjumálasjóðs og Kynningar-, fræðslu- og útgáfusjóðs árið 2010.*

Kirkjuráð samþykkti ofangreindar fjárhagsáætlanir Jöfnunarsjóðs, kirkjumálasjóðs og kynningar-, fræðslu- og útgáfusjóðs með fyrirvara um tiltekna upplýsingar er snúa að skerðingu á fjárlögum 2010. Ekki var unnt að ljúka úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna þar sem dómsmála- og mannréttindaráðuneytið hefur ekki lokið við breytingar þær á reglugerð um sjóðinn sem kirkjuráð óskaði eftir að gerðar yrðu. Engu að síður er unnt að upplýsa sóknir um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna.

JÖFNUNARSJÓÐUR SÓKNA 2010	
Prófastsdæmi/Sóknir/Stofnun	Samþykkt Kirkjuráðs
Höfuðkirkjur	62.300.000
Dómkirkjan í Reykjavík	3.000.000
Hóladómkirkja	7.500.000
Skálholt	34.000.000
Hallgrímskirkja í Reykjavík	17.800.000
Múlaprófastsdæmi	2.700.000
Hjaltastaðarsókn	1.000.000
Hofssókn	200.000
Kirkjubæjarsókn	100.000
Skeggjastaðarsókn	200.000
Sleðbrjótssókn	1.200.000
Austfjarðaprófastsdæmi	8.550.000
Djúpavogssókn	3.250.000

Eskifjarðarsókn	3.800.000
Reyðarfjarðarsókn	600.000
Stöðvarfjarðarsókn	900.000
Suðurprófastsdæmi	10.350.000
Skeiðflatarsókn	550.000
Minningarkapella Jóns Steingrímssonar	900.000
Marteinstungusókn	1.000.000
Stóra- Dalssókn	400.000
Stórólshvolssókn	4.500.000
Þingvallasókn	3.000.000
Kjalarnesprófastsdæmi	10.900.000
Hvalsnessókn	2.500.000
Grindavíkursókn	800.000
Hafnarfjarðarsókn	5.000.000
Keflavíkursókn	2.000.000
Reynivallasókn	600.000
Reykjavíkurrófastsdæmi eystra	22.000.000
Grafarvogssókn	6.000.000
Kársnessókn	4.000.000
Lindasókn, Kópavogi	12.000.000
Reykjavíkurrófastsdæmi vestra	17.000.000
Ássókn í Rvík	4.000.000
Grensássókn	6.000.000
Háteigssókn	3.500.000
Langholtssókn	2.500.000
Laugarnessókn	1.000.000
Borgarfjarðarprófastsdæmi	9.700.000
Borgarnessókn	3.000.000
Reykholtssókn	5.200.000
Stafholtssókn	1.500.000
Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi	8.300.000
Dagverðarnessókn	500.000
Hellnasókn	500.000
Hjarðarholtssókn	1.800.000
Ólafsvíkursókn	3.000.000
Setbergssókn	2.000.000
Stóra- Vatnshornssókn	500.000
Vestfjarðaprófastsdæmi	20.950.000
Flateyjarsókn	400.000
Patreksfjarðarsókn	2.500.000
Stóra- Laugardalssókn (Tálknafj.)	7.200.000
Staðarhólssókn	500.000
Flateyrarsókn	3.000.000
Holtssókn	750.000
Hólssókn (Bolungarvík)	3.000.000
Staðarsókn	1.000.000
Þingeyrarsókn	2.600.000
Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi	9.200.000
Hvammstangasókn	1.000.000
Höfðasókn, Skagaströnd	1.000.000
Melstaðarsókn	700.000
Prestbakkasókn, Hrút.	4.500.000
Þingeyrasókn	500.000
Hofsóssókn	1.500.000
Eyjafjarðarprófastsdæmi	5.200.000
Möðruvallasókn í Hörgárdal	500.000

Olafsjarðarsókn	2.700.000
Siglufjarðarsókn	2.000.000
Pingeyjarprófastsdæmi	6.650.000
Húsavíkursókn	1.500.000
Laufás- og Grenivíkursókn	800.000
Ljósavatnssókn	750.000
Þórshafnarsókn	3.600.000
Sóknir og höfuðkirkjur alls	193.800.000
Stuðningur við nýjar sóknir	0
Stuðningur við söfnuði erlendis	2.400.000
Íslenski söfnuðurinn í Kaupmannahöfn	800.000
Íslenski söfnuðurinn í Gautaborg	800.000
Íslenski söfnuðurinn í London	800.000
Styrkur við mannlausar sóknir og bænhús	500.000
Efra Núpskirkja	200.000
Selárdalskirkja	200.000
Flatey á Skjálfanda	100.000
Önnur verkefni	51.650.000
Framlag til annarra verkefna þjóðkirkjunnar, skv. reglugerð.	51.450.000
Öryggismál í kirkjum	200.000
Rekstrarkostnaður	34.650.000
Laun	18.000.000
Kostnaðarhlutdeild	16.650.000
Til úthlutunar	343.000.000
Sóknir og höfuðkirkjur alls	193.800.000
Stuðningur við nýjar sóknir	0
Stuðningur við söfnuði erlendis	2.400.000
Styrkur við mannlausar sóknir og bænhús	500.000
Önnur verkefni	51.650.000
Rekstrarkostnaður sjóðsins	34.650.000
Vegna hagræðingarkröfu ríkisins	60.000.000
Væntanlegar skuldbindingar og ófyrirséð	0
Ábyrgðardeild	0
Samtals:	343.000.000

KIRKJUMÁLASJÓÐUR 2010	
	Samþykkt
Stjórn og starfsskipan	81.450.000
Kirkjuráð	
*Almennur rekstur	21.600.000
*Kostnaðarhlutdeild í skrifstofuþjónustu	16.600.000
*Lögræðikostnaður o.fl.	8.000.000
Kirkjuráðsfundir	8.600.000
*Lagahópur	300.000
*Fjármálahópur	300.000
*Kirkjustarfshópur	300.000
Fasteignanefnd	800.000
Kirkjuþing	9.300.000
Kirkjuþing unga fólksins	350.000
Prestastefna 2010	3.000.000
Biskupafundur	200.000
Prófastafundur 2010	600.000
Úrskurðarnefnd /Áfrýjunarnefnd	2.000.000

Kenningarnefnd	100.000
Rekstur vígslubiskupsembættis í Skálholti	2.200.000
Rekstur vígslubiskupsembættis á Hólum	2.200.000
Nefnd um heildarskipan þjónustu kirkjunnar	1.000.000
Biskupsstofa, fjármálasvið	4.000.000
Fasteignir og fjármál Þjóðkirkjunnar	158.780.000
Prestssetur (viðhaldskostnaður, fasteignagjöld, tryggingar)	82.000.000
Kirkjubær á Akureyri- v. Brekkugötu (rekstur húsnæðis)	1.850.000
Fasteignasvið - (laun og sérfræðikostnaður)	33.000.000
Kirkjulistanefnd	300.000
Laugavegur 31 (viðhaldskostnaður, fasteignagjöld og tryggingar)	8.000.000
Háaleitisbraut 66, í Grensáskirkju (viðhaldskostnaður, fasteignagjöld og tryggingar)	2.700.000
Bergstaðastræti 75 (viðhaldskostnaður, fasteignagjöld og tryggingar)	1.600.000
Hólar í Hjaltadal (viðhaldskostnaður, fasteignagjöld og tryggingar)	360.000
Hjarðarhagi 30, íbúð (viðhaldskostnaður, fasteignagjöld og tryggingar)	270.000
Löngumýrarskóli - land og mannvirki	2.100.000
Skálholt (viðhaldskostnaður, fasteignagjöld og tryggingar)	10.000.000
Aflögð prestssetur (viðhaldskostnaður, fasteignagjöld og tryggingar)	800.000
Kapella ljóssins og þrjú raðhús Vallarheiði, (viðhaldskostnaður, fasteignagjöld og tryggingar)	3.000.000
Starfsmannamál og endurmenntun	12.800.000
Biskupsstofa - námsleyfi og endurmenntun	700.000
Fjölskylduþjónusta kirkjunnar – handleiðsla presta og djákna	5.000.000
Guðfræðideild H.Í. – starfsþjálfun presta (sbr. samning, apríl 2007)	1.500.000
Guðfræðideild H.Í., – endurmenntun presta og djákna (sbr. samning, apríl 2007).	750.000
Guðfræðideild H.Í.- lektorsstaða 25% (sbr. samning, apríl 2007).	750.000
Landspítali- Háskólasjúkrahús, starfsþjálfun presta– klínísk sál-gæsla	3.000.000
Starfsþjálfun djáknaefna á Biskupsstofu	100.000
Lífeyrishækkanir	1.000.000
Upplýsingamál, bóka og skjalamál	28.600.000
Skálholtsútgáfan – útgáfa Viðförla	500.000
Biskupsstofa – bóka- og skjalasafn	3.400.000
Biskupsstofa – bóka- og skjalasafn	2.200.000
Fjölís, samtök réttihafa prentaðs máls	700.000
Vefir Þjóðkirkjunnar	8.000.000
Kerfisstjórn	11.000.000
Aðgangur að þjóðskrá	1.800.000
Útgáfa Árbókar	1.000.000
Ráðstofunarfé biskups	3.900.000
Styrkir skv. ákvörðun biskups Íslands	3.900.000
Helgihald og kirkjutónlist	38.960.000
Tónskóli Þjóðkirkjunnar	22.500.000
Biskupsstofa – v. söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar	4.300.000
Reykjavíkurrófastsdæmi vestra – Enskar messur	160.000
Reykjavíkurrófastsdæmi vestra – tónlistarflutningur við helgihald	1.000.000
Þingeystur sagnagarður v. Ljósavatnskirkju	600.000
Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju 2009	600.000
Kirkjulistavika í Akureyrarkirkju 2009	200.000
Listafélag Langholtskirkju	200.000
Sumartónleikar í Akureyrarkirkju	200.000
Sumartónleikar í Skálholti	3.500.000
Sumartónleikar í Elliðaárdal	50.000
Norrænt kirkjutónlistarmót 2012 - undirbúningur	500.000

Biskupsstofa – v. helgihalds á Þingvöllum	100.000
Orgelnefnd	200.000
Helgisíðanefnd	350.000
Handbókarnefnd	600.000
Sálmabókarnefnd	1.500.000
Helgihaldssvið Biskupsstofu	400.000
Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar – almenn starfsemi	2.000.000
Fræðslumál	48.750.000
Skálholt v. Skálholtsskóla	18.000.000
Langamýri í Skagafirði – rekstrarkostnaður	6.600.000
KFUM/K, Skógarmenn v. sæludaga	150.000
KFUM, Skógarmenn v. fræðsluefnis	150.000
KFUM- Skógarmenn, bygging	500.000
ÆSKÞ – rekstrarkostnaður	3.500.000
Kristilega skólahreyfingin	500.000
Múlaprófastsdæmi – v. fræðslumála	2.500.000
Austfjarðaprófastsdæmi – v. fræðslumála	900.000
Fræðslusjóður Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæma	300.000
Kirkjumíðstöðin Holti, Vestfjarðarprófastsdæmi	1.000.000
Kirkjumíðstöðin Vestmannsvatni	1.000.000
Kirkjumíðstöð Austurlands, Eiðum	2.600.000
Kirkjumíðstöð Reykholti	1.000.000
Kirkjubær á Akureyri – rekstrarkostnaður	600.000
Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd H.Í.	300.000
Biskupsstofa – v. Leikmannaskólans	3.500.000
Fagráð um meðferð kynferðisafbrotá	250.000
Jafnréttisnefnd þjóðkirkjunnar	200.000
Uppsetning og hönnun á fermingarvef	200.000
Fermingarfræðsluefni, 30 samverur fyrir fermingarundirbúning	250.000
Skírnar- og fermingarfræðsla. Trúfræðsluverkefni norsku kirkjunnar	250.000
Fræðslusvið Biskupsstofu	4.500.000
Kærleiksþjónusta, hjálparstarf og boðun	35.910.000
Fjölskylduþjónusta kirkjunnar – rekstrarkostnaður	18.500.000
Samband íslenskra kristniboðsfélaga	1.800.000
Landssamband Gídeonfélaga	200.000
Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna	500.000
Hjálparstarf kirkjunnar	10.000.000
Hjálparstarf kirkjunnar- "Breytendur"	300.000
Kirkja heyrnarlausra	700.000
Kvennaathvarfið	400.000
Vegna heimasíðu: missir.is	60.000
Tímaritið Bjarmi	200.000
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	250.000
Norrænt samstarf um innflytjendamál	100.000
Kristniboðs- og hjálparstarfsnefnd	100.000
Djáknanefnd	100.000
Ellimálanefnd	300.000
Hópslysanefnd	900.000
Eftirfylgd í söfnuði (17.mál Kirkjubings 2006)	500.000
Kærleiksþjónustusvið Biskupsstofu	1.000.000
Guðfræði, þjóðmál og samkirkjumál	7.200.000
Rannsókn á kirkjusókn, trúariðkun, safnaðarstarfi, o.fl.- HÍ	300.000
Síðfræðistofnun	300.000
Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga	100.000

Starfshópur um guðfræðinám o.fl.	100.000
Erlend samskipti – aðildagjöld og ferðir	4.000.000
Samkirkjunefnd	250.000
Trúarbragðastofnun – undirbúningur	500.000
Þjóðmálanefnd (5.mál Kirkjubings 2007)	500.000
Ráðstefnurit, Menntun og Menning (Skákholtsskóli)	150.000
Guðfræði- og þjóðmálasvið Biskupsstofu	1.000.000
Menningarstarf	2.050.000
Rit og útgáfa (Þórhallur Bjarnason og þróun ísl. kirkju)	450.000
Guðbrandsstofnun á Hólum	600.000
Kirkjur Íslands – ritröð	900.000
Kvikmyndastarf kirkjunnar	100.000
Prests- og djáknaþjónusta	25.500.000
Prestsþjónusta á Kanaríeyjum	300.000
Laugarneskirkja – djáknaþjónusta við öryrkja	1.000.000
Kvennakirkjan	300.000
Biskupsstofa – Sérþjónustuprestar/húsaleiga o.fl.	2.500.000
Biskupsstofa – Héraðsprestur á Austurlandi	2.500.000
Biskupsstofa – Æskulýðsfulltrúi á fræðslusviði	2.400.000
Biskupsstofa- leiðbeinandi í lífsleikni í framhaldsskólum	2.400.000
Biskupsstofa - fræðslufulltrúi í barnastarfi	3.200.000
Biskupsstofa – v. kirkjulegrar þjónustu í sóknum og prófastsdæmum	8.000.000
Héraðssjóður Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis – djáknaþjónusta	800.000
Prestsþjónusta í London	1.000.000
Prestsþjónusta í Kaupmannahöfn	850.000
Prestsþjónusta í Luxemborg	250.000
Samtals	443.900.000
Til ráðstöfunar	405.000.000
Mismunur	-38.900.000

	Kynningar-, fræðslu- og útgáfusjóður	Samþykkt
	Úthlutun 2010	Kirkjuráðs
1	"Strákar í kirkjunni"- sr. Sigrún Óskarsdóttir	200.000
2	Endurreisn Skálholtsstaðar á 20 öld	300.000
3	Prestkvennabók- sr. Ágúst Sigurðsson	50.000
4	Lífsgæðabók fyrir foreldra, trúarlegt uppeldi - Skálholtsútgáfan	400.000
5	Unglingar og sorg - Skálholtsútgáfan	100.000
6	Sunnudagskólinn heim - Skálholtsútgáfan	400.000
7	Söngvaseiður - Skálholtsútgáfan	300.000
8	Barnadiskur með kristilegum boðskap - Hulda Guðrún Geirsdóttir	50.000
	Alls úthlutað	1.800.000

b) Erindi Reyðarfjarðarsóknar

Erindið var til umfjöllunar á síðasta fundi og var þá frestað til þessa fundar. Erindið var afgreitt með úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna 2010.

c) Kirkjumíðstöðin á Akureyri (Hjálparstarf kirkjunnar og ÆSKÞ).

Biskup greindi frá hugmynd sem komið hefur fram hjá vígslubiskupi á Hólum að Hjálparstarf kirkjunnar ráði starfsmann í hlutastarf með aðsetur í kirkjumíðstöðinni á

Akureyri og að kirkjumálasjóður leggi fram fjárhæð til þess að gera þetta kleift. Kirkjuráð taldi ekki unnt að verða við þessu að sinni.

Biskup gerði grein fyrir því að árlegur styrkur að fjárhæð 1,2 millj. kr. á fjárlögum til ÆSKP hafi fallið niður. Kirkjuráð samþykkti að hækka starfshlutfall framkvæmdastjóra ÆSKP úr 50% í 60%. Um leið minnkar starfshlutfall sama starfsmanns hjá Biskupsstofu úr 20% í 10% starf eins og fram kemur í fjárhagsáætlun kirkjumálasjóðs 2010.

d) Embættiskostnaður presta.

Lagt var fram yfirlit yfir tillögur um breytingar á akstri presta og prófastea skv. breytingum á starfsreglum um rekstrarkostnað presta og vegna prófastsstarfa sem samþykkt var á kirkjuþingi 2009. Samkvæmt starfsreglunum annast Biskupsstofa um flokkun embætta samkvæmt framangreindu að höfðu samráði við stjórn Prestafélags Íslands.

Kirkjuráð samþykkti tillögu Biskupsstofu vegna aksturs- og ferðakostnaðar presta að viðbættum tryggingargjöldum samtals um kr. 70 millj. á árinu 2010. Þá samþykkti kirkjuráð að þegar um er að ræða annan ferðakostnað eða akstur vegna prestsþjónustu sem biskup felur viðkomandi vegna sérstakra aðstæðna, þá skuli samið fyrirfram um fasta greiðslu en ekki er lengur greitt samkvæmt akstursdagbók.

Þá samþykkti kirkjuráð samkvæmt framangreindum starfsreglum, skrifstofukostnað 139 presta og 12 prófastea, hampur og búferlaflutningar samtals um kr. 74 millj. Samkvæmt breytingunum á starfsreglunum sem tóku gildi 1. jan. 2010 féll niður húsaleigustyrkur til presta, en aksturskostnaður var hækkaður, svo og skrifstofukostnaður.

e) Helgisiðastofa í Skálholti.

Samþykkt var að veita embætti vígslubiskups í Skálholti aukið fjárframlag úr kirkjumálasjóði til að mæta kostnaði af láni sem hvílir á Helgisiðastofu.

3. FASTEIGNIR

a) Innleiðing starfsreglna um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar.

Guðmundur Þór gerði grein fyrir fyrsta fundi í fasteignanefnd sem haldinn var 6. jan. s. l. Auk Guðmundar Þórs sitja í fasteignanefnd, kirkjuþingsfulltrúarnir, Lárus Ægir Guðmundsson, Skagaströnd og Helga Halldórsdóttir, Vík í Mýrdal. Biskup og skrifstofustjóri sátu fundinn í upphafi. Nefndin tók til starfa 1. jan. 2010.

Guðmundur Þór kynnti nýja framsetningu á eignasafni kirkjumálasjóðs sem einkum eru prestssetur og prestssetursjarðir.

Kristján Björnsson lagði fram drög að erindisbréfi fyrir fasteignanefnd en honum hafði verið falið að semja drög að því á síðasta fundi kirkjuráðs. Fasteignanefnd tekur yfir hlutverk stjórnar prestssetra og bygginga- og listanefndar sem voru lagðar niður svo og fasteignahóps kirkjuráðs sem starfar ekki lengur. Drögin að erindisbréfinu verða lögð fyrir fasteignanefnd til umsagnar og var málinu að öðru leyti frestað.

b) Skipan sviðsstjóra fasteignasviðs.

Frestað.

c) Samþykktir kirkjuþings 2009 um kaup og sölu fasteigna.

Málinu var frestað á síðasta fundi.

Kirkjuþing 2009 heimilaði kaup kirkjumálasjóðs á eftirtöldum fasteignum:

1. Hamrahlíð 12 á Vopnafirði, Hofsprestakalli í Múlaprófastsdæmi.
 2. Króksholt 1 á Búðum, Fáskrúðsfirði, Kolfreyjustaðarprestakalli í Austfjarðarprófastsdæmi.
 3. Barmahlíð 7 á Sauðárkróki, Sauðárkróksprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi.
- Gengið hefur verið frá kaupsamningum um ofangreindar eignir.

Kirkjuþing 2009 heimilaði sölu eftirtalinna fasteigna í eigu kirkjumálasjóðs:

1. Jörðin Útskálar, Kjalarnessprófastsdæmi. – Kaupsamningur hefur verið undirritaður.
2. Jörðin Hvoll í Saurbæ, Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi. – Stefnt er að því að selja eignina í vor.
3. Jörðin Prestbakki II, Húnavatnsprófastsdæmi. – Stefnt er að því að selja eignina í vor.
4. Jörðin Borgarhóll í Akrahreppi, hjáleiga Miklabæjar í Skagafirði. – Kirkjuráð ákvað á síðasta fundi að fresta sölu um óákveðinn tíma.
5. Árnes I í Trékyllisvík á Ströndum í Húnavatnsprófastsdæmi. – Áður en til hugsanlegrar sölu kemur þarf að hnitasetja jörðina og afmarka land fyrir kirkjurnar og kirkjugarðinn. Verður það gert síðar á árinu.
6. Háls II, Þingeyjarprófastsdæmi. - Málinu frestað.

Á kirkjuþingi 2009 voru einnig samþykkt makaskipti á tveimur landspildum úr landi prestssetursjarðarinnar Grenjaðarstaðar, Þingeyjarprófastsdæmi. Önnur er um 10,3 hektarar að stærð og hin um 7,1 hektari að stærð. Í stað þeirra falla í hlut Grenjaðarstaðar sambærilegar spildur úr landi grannjarðarinnar Aðalbóls. – Kirkjuráð vísaði málinu til fasteignanefndar.

d) Tröð, Gnúpverjahreppi – heimild til sölu með fyrirvara um samþykki kirkjuþings. Kirkjuráð samþykkti að heimila framkvæmdastjóra sölu á hinu aflagða prestssetri í Tröð, Suðurprófastsdæmi (áður Árnesprófastsdæmi), ef viðunandi verð fæst og með fyrirvara um samþykki kirkjuþings.

e) Almenn umboð til framkvæmdastjóra og aðstoðarframkvæmdastjóra kirkjuráðs. Kirkjuráð skrifaði undir 26 samhljóða eintök umboða er veita framkvæmdastjóra og aðstoðarframkvæmdastjóra kirkjuráðs heimild til að undirrita skjöl vegna fasteigna kirkjumálasjóðs. Umboðin verða send til þinglýsingar hjá öllum sýslumannsembættum landsins.

4. ÖNNUR MÁL

a) Erindi frá Hrepphólasókn, Suðurprófastsdæmi, vegna breytinga á skipan prestakalla og prófastsdæma á kirkjuþingi 2009.

Sóknarnefnd Hrepphólasóknar, Suðurprófastsdæmi, hefur sent bréf, dags. 17. desember 2009, þar sem gagnrýnd eru vinnubrögð vegna skipulagsbreytinga sem samþykktar voru á kirkjuþingi 2009 og sem varða sóknina beint. Annars vegar sameining Hruna- og Stóra-Núpsprestakalla og hins vegar sameining Árness-, Rangárvalla- og Skaftafellsprófastsdæma.

Kirkjuráð tekur undir megingjónarmið sóknarnefndar um að betur megi standa að kynningu og samráði er varðar breytingar á skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma.

b) Skipun starfshóps sem móti samskiptastefnu kirkjunnar.

Málið var kynnt á síðasta fundi kirkjuráðs og var frestað. Kirkjuráð samþykkti að óska eftir því við biskup Íslands að hann geri tillögu fyrir næsta fund kirkjuráðs um það hverjir verði skipaðir í starfshóp til að móta samskiptastefnu kirkjunnar.

c) Fjölskylduþjónusta kirkjunnar. Ráðning forstöðumanns úr hópi starfsfólks til eins árs. Beiðni frá starfsmanni um lækkun starfshlutfalls.

Í ákvæði til bráðabirgða í starfsreglum um Fjölskylduþjónustu kirkjunnar segir: “Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. ræður kirkjuráð forstöðumann úr röðum starfsmanna stofnunarinnar tímabundið”.

Kirkjuráð samþykkti að skipa Elísabetu Bertu Bjarnadóttur, félagsráðgjafa hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, sem forstöðumann til loka árs 2010. Þar sem Fjölskylduþjónusta kirkjunnar lýtur faglegri forystu biskups Íslands, og heyrir að öðru leyti undir Kirkjuráð munu biskupsritari og aðstoðarframkvæmdastjóri kirkjuráðs vera tengiliðir stofnunarinnar gagnvart biskupi og kirkjuráði hvað varðar starfsemi og rekstur.

Lögð var fram beiðni Guðlaugar K. Magnúsdóttur, félagsráðgjafa hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar um lækkun starfshlutfalls um 20%. Málinu var vísað til forstöðumanns sem samkvæmt 4. gr. starfsreglnanna ræður starfsfólk stofnunarinnar í samráði við biskup Íslands.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 15,30. Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn 28. janúar n.k. og hefst kl 10 á Biskupsstofu.

Karl Sigurbjörnsson, forseti kirkjuráðs

Þorvaldur Karl Helgason, fundarritari